

STARFSLEYFISSKILYRÐI

Fráveita Bolungarvíkur

kt. 480774-0279

Aðalstræti 12, 415 Bolungarvík

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt og lögum nr. 7/1998 m.s.br. um hollustuhætti og mengunarvarnir og á grunni reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp

Skilgreiningar skv. reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999 eru:

- Fráveita er leiðslukerfi, þ.m.t. safnræsi, og búnaður til meðhöndlunar og hreinsunar skólps.
- Fráveituvatn er vatn (skólp, ofanvatn, vatn frá upphitunarkerfum húsa o.fl.) sem veitt er í fráveitur.

1. Lýsing á starfsemi og skilyrði sem gilda.

1.1. Umfang fráveitunnar

Fráveitukerfi Bolungarvíkur þjónar íbúum og atvinnustarfsemi.

- Fjöldi íbúa er um við 1000 og skilar því rúmlega 1.000 pe í fráveitukerfið/viðtaka
- Atvinnustarfsemi er nokkur, aðallega fiskvinnsla og iðnaður og er talin skila um 2.000 pe í viðtaka

1.2. Skilgreining á viðtökum skólps

Af hálfu sveitarstjórnar hefur ekki verið formlega sótt um skilgreiningu á viðtaka fráveitunnar sem síður viðkvæmum til Umhverfisstofnunar skv. reglugerð 798/1999 um fráveitur og skólp.

20.3 Sveitarstjórnir skulu senda tillögur að skilgreiningu viðtaka sem er síður viðkvæmur ásamt fullnægjandi gögnum til Hollustuverndar ríkisins. Stofnunin metur hvort gögnin sýna góða hæfni viðtaka til að taka við og eyða skólpi og eru í samræmi við fylgiskjal 2 og staðfestir skilgreininguna.

Í öllum tilfellum er Bolungarvík viðtaka fráveitunnar.

1.3. Lög og reglur sem gilda um fráveitur

Eftirfarandi lög og reglugerðir gilda um starfsemi, ath. að ekki er um að ræða tæmandi upptalningu.

- Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarir m.s.br.
- Lög nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna
- Lög nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda

- Reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit.
- Reglugerð nr. 799/1999 um meðhöndlun seyru
- Reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ m.s.br.

Hafi sveitarfélagið sett sér samþykktir um fráveitur og/eða rotþrær skal ennfremur farið eftir þeim.

Varðandi starfsstöðvar skal miðað við almenn starfsleyfisskilyrði fyrir mengandi starfsemi, auglýsing Umhverfissráðuneytis nr. 582/2000, fylgiskjal 1.

2. Rekstur fráveitunnar og innra eftirlit

2.1. Daglegur rekstur, innra eftirlit

Í daglegum rekstri fráveitunnar skal gæta að hreinlæti og mengunarvörnum. Komi til leka skal tafarlaust gripið til aðgerða að til stöðva flæði skólps og takmarka umhverfisáhrif.

Allar rotþrær innan þéttbýlismarkanna skal tæma annað hvert ár að jafnaði.

Í innra eftirliti skal halda skráningar um

- Meiriháttar bilanir, viðgerðir og viðhald á lagnakerfi
- Kvartanir og viðbrögð við þeim
- Stíflulosanir
- Tæmingar rotþróa
- Magn úrgangs og seyru sem losað er úr lagnakerfi og hreinsivirkjum og hvert með hann er farið.

2.2. Stöðuskýrsla

Annað hvert ár skal skila til heilbrigðiseftirlits upplýsingum um förgun skólps á veitusvæðinu, sbr. br. 28 í reglugerð um fráveitur og skólþ nr. 798/1999.

[Stöðuskýrsla.](#)

28. gr.

28.1 Heilbrigðisnefnd skal sjá um að annað hvert ár verði gefin út stöðuskýrsla um förgun skólps á svæði nefndarinnar. Skýrslan skal byggjast á gögnum sveitarstjórnar um núverandi fráveitukerfi og framtíðaráform þeirra

3. Áform um úrbætur - langtímaáætlun

Fyrir liggur að við útgáfu þessa starfsleyfis hefur fráveitan ekki uppfyllt skilyrði reglugerðar um fráveitur og skólþ nr. 798/1999 um hreinsun skólps.

Vegna þessa skal sveitarfélagið vinna og leggja fram gögn um núverandi fráveitukerfi og áætlun um framtíðaráform sem stefna að því að koma fráveitunni í viðunandi horf skv. kröfum fráveitureglugerðar.

Sveitarstjórn skal ennfremur leggja fram áætlun um nýjar og endurbættar fráveitur í samræmi við 17. G r. fráveitureglugerðar

4. Eftirlit

Heilbrigðiseftirlit viðhefur reglubundið eftirlit með fráveitu Bolungarvíkur. Eftirlitið felst í eftirfarandi þáttum:

Skoðun gagna sem sveitarfélagið leggur fram

Sýnatökum af strandsjó á völdum stöðum og í samráði við yfirmann umhverfismála sveitarfélagsins, miðað er við ca. 3 sýni árlega nema annað verði ákveðið

Árlegum fundi með forsvarsmönnum fráveitunnar, þar sem farið er yfir skráningar undangengins ár sbr. kaflann um innra eftirlit, breytingar sem orðið hafa og áform til framtíðar.

5. Niðurlag og andmælaréttur

Ef aths. eða fyrirspurnir vakna vegna starfsleyfis eða fylgigagna sem og ef fyrirtækið hefur ástæðu til að neyta andmælaréttar skv. stjórnsýslulögum 37/1993 skal það gert skriflega innan 14 daga frá dagsetningu þessa bréfs.

5.apríl 2019
Virðingarfyllst,

Anton Helgason
heilbrigðisfulltrúi